



Reykjavík, 14. desember 2021

FAS21120106

Borgarráð

Tillaga um að veita Strætó bs. ábyrgð á lántökum

Lagt er til að Reykjavíkurborg veiti Strætó bs. ábyrgð með veði í útsvarstekjum borgarsjóðs í hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar í félaginu vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 400.000 þ.kr. annars vegar og að Reykjavíkurborg veiti einfalda ábyrgð, í hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar, vegna lántöku hjá Arion banka hf. að fjárhæð 300.000 þ.kr. hins vegar.

Greinargerð:

Þann 15. nóvember sl. barst borgarritara erindi framkvæmdastjóra Stætó bs. sem hafði verið falið að fara þess á leit við Reykjavíkurborg og önnur eigendasveitarfélög á fundi sínum þann 29. október sl. að veita Strætó bs. ábyrgð með veði í útsvarstekjum borgarsjóðs í hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar í félaginu vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. annars vegar og að Reykjavíkurborg veiti einfalda ábyrgð, í hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar, vegna lántöku hjá Arion banka hf. hins vegar.

Lögð er fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs þar sem staðfest er heimild Reykjavíkurborgar til að gangast í ábyrgðir á þeim lánnum sé hér eru til umfjöllunar. Þá gerir sviðið ekki athugasemdir við þau lánskjör sem fyrirtækinu bjóðast.

Tillögunni verði vísað til borgarstjórnar til samþykktar í samræmi við 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Fundargerð stjórnar Strætó bs., dags. 29. október 2021.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 13. desember 2021.



Umsögn

Efni: Beiðni Strætó bs. um ábyrgð borgarsjóðs á lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. með veði í útsvarstekjum borgarsjóðs og ábyrgð borgarsjóðs á lántöku hjá Arion banka hf. með einfaldri ábyrgð.

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Í tölvupósti til borgarritara þann 15. nóvember sl. og sbr. fundargerð stjórnar Strætó bs. dags. 29. október sl., er þess farið á leit að Reykjavíkurborg veiti Strætó bs. ábyrgð með veði í útsvarstekjum borgarsjóðs í hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar í félaginu vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. annars vegar og að Reykjavíkurborg veiti einfalda ábyrgð, í hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar, vegna lántöku hjá Arion banka hf. hins vegar.

Með vísan til verklagsreglu FMS-VRL-034 um ábyrgðarskuldbindingar ber fjármála- og áhættustýringarsviði að veita borgarráði umsögn berist borgarráði beiðnir fyrirtækja og stofnana í eigu Reykjavíkurborgar um að gangast í ábyrgð.

Umsögn þessi er með þeim fyrirvara að skilmálar verði efnislega eins og þau vinnugögn sem umsögnin byggir á.

I. Heimild til að gangast í ábyrgð

Í 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem tóku gildi 1. janúar 2012 eru almenn ákvæði um heimildir sveitarstjórna til að gangast í ábyrgðir. Sveitarstjórnnum er heimilt annars vegar að veita einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem sveitarfélagið á að öllu leyti, enda sinni þær verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga og hins vegar einfalda ábyrgð til tryggingar lánnum stofnana og fyrirtækja sem það á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila. Í síðari tilvikinu eru sett fram þrenns konar skilyrði (1) að lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila, (2) að trygging sé bundin lántöku vegna lögákveðins verkefnis sveitarfélaga og (3) að allir eigendur ábyrgist lán í samræmi við eignarhlut sinn.

Reykjavíkurborg á 56,405% eignarhlut í Strætó bs. en aðrir eigendur eru Kópavogur (16,182%), Hafnarfjörður (12,601%), Garðabær (7,483%), Mosfellsbær (5,320%) og Seltjarnarnes (2,009%). Strætó bs. er þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 7. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017. Með vísan til framangreinds er ljóst að Strætó bs. uppfyllir öll skilyrði 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er Reykjavíkurborg því heimilt að gangast í einfalda ábyrgð í hlutfalli við eignarhlut borgarsjóðs í félaginu.

Þá segir í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarfélög geti veitt Lánasjóði sveitarfélaga ohf. veð í tekjum sínum vegna lána sem sveitarfélagið tekur hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem sveitarfélagið veitir sjóðnum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Með vísan til þess er Reykjavíkurborg heimilt að veita Lánasjóði sveitarfélaga ohf. veð í tekjum sínum vegna

einfaldrar og hlutfallslegrar ábyrgðar sem veitt er á grundvelli 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þá þarf áður en sveitarfélag ákveður að gangast í ábyrgðir að láta fara fram sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins ef þær skuldbindingar sem um ræðir nema hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins á yfirstandandi reikningsári. Á þetta einnig við um þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélagsins hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 138/2011. Með vísan til umfjöllunar í II. kafla er ljóst að skuldbindingin nemur ekki 20% af skatttekjum Reykjavíkurborgar ársins 2021 og því þarf ekki að fara fram sérstakt mat.

II. Fjárhæð lántöku og ábyrgðarskuldbindingar, lánakjör og gjaldfellingarákvæði

II.1 Fjárhæð lántöku og ábyrgðarskuldbindingar og greiðsluskylða

Heildarfjárhæð lántöku er 700 m.kr. og hlutfall ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar miðast því við eignarhlut og nemur þess vegna 56,405%. Þar sem um einfalda ábyrgð er að ræða getur lánveitandi, vanefni lántaki greiðslur, gengið að hvaða eiganda Strætó bs. sem er og krafist um fullnustu á ábyrgðinni en sá eigandi getur síðan gengið að öðrum eigendum í samræmi við hlutfallslega ábyrgð þeirra, sbr. 8. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í lok júní 2021 nema ábyrgðir Reykjavíkurborgar á skuldum B-hluta fyrirtækja rúmum 94 milljörðum króna. Þar af eru ábyrgðir með veði í útsvarstekjum um 12 milljarðar. Ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna Strætó bs. m.v. lok júní sl. nemur um 629 m.kr. og þar af um helmingur með veði í útsvarstekjum. Heildarábyrgð Reykjavíkurborgar á skuldum Strætó bs. verði ábyrgð á þessum lánnum samþykkt verður því um 1.024 m.kr.

Greiðsluskylða Reykjavíkurborgar vegna láns Strætó bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. verður virk þegar lántaki hefur vanefnt greiðslur og lánveitandi sannar að engar efndir verði fengnar úr hendi lántaka vegna ógjaldfærni hans. Við þær aðstæður ber lánveitanda að tilkynna Reykjavíkurborg um vanskil og veita 14 daga frest til að koma láninu í skil. Komi Reykjavíkurborg láninu ekki í skil innan þess frest getur lánveitandinn gengið að tekjum Reykjavíkurborgar án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar en að uppfylltum þeim kröfum sem koma fram í reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.1

Greiðsluskylða Reykjavíkurborgar er varðar lánið hjá Arion banka hf. verður virk þegar lántaki hefur vanefnt greiðslur og lánveitandi hefur fullreynt að fá greiðslu hjá lántaka vegna ógjaldfærni hans. Samkvæmt 8. mgr. 94. gr. laga nr. 138/2011 bera sveitarfélögin sameiginlega einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlaga sem þau eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu. Þannig bera öll sveitarfélög byggðasamlags sameiginlega ábyrgð ef til greiðslufalls kemur og getur leitt til þess að sveitarfélag geti gengið lengra í að setja ábyrgðir vegna skuldbindinga byggðasamlaga heldur en annarra stofnana eða fyrirtækja sem sveitarfélagið á aðild að.

¹ Í 4. gr. reglugerðar nr. 835/2012 segir: Komi til þess að sveitarfélag lendi í vanskilum við lánasjóðinn með lán sem falla undir 1. tölul. 2. gr. eða sveitarfélag sé krafist um greiðslu vegna ábyrgðar sem það hefur veitt lánasjóðnum vegna lántöku stofnunar, félags eða byggðasamlags, sbr. 2., 3. eða 4. tölul. 2. gr. og greiðsluskyldu hefur ekki verið sinnt, sendir lánasjóðurinn um það tilkynningu, fyrst til sveitarstjóra og því næst til sveitarstjórnar með upplýsingum um þær fjárhæðir sem í vanskilum eru. Slík tilkynning er send til sveitarstjóra 30 dögum eftir gjalddaga og svo til sveitarstjórnar 45 dögum eftir gjalddaga. Lánasjóðurinn getur sent innanríkisráðuneytinu tilkynningu með upplýsingum um þær fjárhæðir sem í vanskilum eru, 60 dögum eftir gjalddaga. Afrit af tilkynningu til innanríkisráðuneytisins skal senda til sveitarstjórnar.

II.II Upplýsingar um lána kjör

Grænt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 400 m.kr. til fjárfestingar í rafmagnsvögnum.

Lánið er óverðtryggt til 8 ára með 4,50% föstum vöxtum. Fyrstu 6 árin greiðast eingöngu vextir af láninu en síðustu tvö árin er höfuðstóll lánsins greiddur, ásamt vöxtum, með 4 jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 15. febrúar 2028 og í síðasta sinn 15. ágúst 2029. Uppgreiðsla lánsins umfram umsamdar afborganir er óheimil.

Lántaka sveitarfélaga, eða félaga í þeirra rekstri, er oftast með föstum vöxtum og óuppgræiðanleg. Það fylgir því ákveðin áhætta að festa vexti út lánstímann, sérstaklega þegar ekki er hægt að greiða upp lánið. Aðstæður eru þó þannig núna að sjaldan hafa vextir verið lægri auk þess sem verðbólga er töluverð, í raun hærri en vaxtakjör lánsins, og útlit fyrir að vextir verði hækkaðir eitthvað í náinni framtíð. Vextirnir eru því góðir í sögulegu samhengi og líklegt að þeir verði það út lánstímann.

Lán eins og þetta, með engum afborgunum fyrstu árin og tiltölulega stuttan endurgreiðslutíma getur haft meiri endurfjármögnunaráhættu í för með sér, verði þörf á að endurfjármagna lánið.

Lán frá Arion banka hf. að fjárhæð 300 m.kr. til fjármögnunar rekstrar vegna tekjubrests vegna Covid-19.

Lánið er óverðtryggt til 5 ára með breytilegum vöxtum, sem eru REIBOR 1M (eins mánaðar REIBOR), eins og þeir eru hverju sinni, að viðbættu 2,50% vaxtaálagi, nú 4,775%. Lánið er endurgreitt með 60 jöfnum greiðslum (annuitet) á eins mánaða fresti. Bankanum er heimilt að breyta vöxtunum og flokki vaxta álags til hækkunar eða lækkunar til samræmis við það vaxtaálag sem gildir gagnvart nýjum sambærilegum og/eða hliðstæðum lánnum. Vilji lán taki ekki una breytingunni er honum heimilt að greiða skuldina upp með óbreyttu vaxtaálagi. Hægt er að greiða upp lánið hraðar eða að fullu áður en að samningsbundnum gjald daga er komið gegn gjaldi sem er ákveðið í verðskrá bankans.

Forsendur rekstrarlána eru oft aðrar en forsendur lána til fjárfestinga. Rekstrarlán eru oftast með breytilegum vöxtum, eins og þetta lán frá Arion banka hf. Breytist vaxtaforsendur á lánstímanum má greiða upp lánið án kostnaðar. Það er mat FAS að vaxtaviðmiðið, REIBOR 1M, sé mjög við hæfi á svona lánnum en skráning REIBOR vaxta, sem eru í raun vextir á millibankamarkaði með krónur, fer fram hjá Seðlabanka Íslands á hverjum degi. Miðað við vextina á óverðtryggðu láni Lánasjóðsins má segja að álagið á REIBOR vextina sé ásættanlegt.

Kjör lánanna verða að teljast vel ásættanleg fyrir Strætó bs. Varðandi vaxtakjörin má nefna að Reykjavíkurborg hefur verið að selja óverðtryggð skuldabréf með sambærilegum vaxtakjörum. Ef Reykjavíkurborg ætti að lána áfram til Strætó bs. á grundvelli eigin fjármögnunarkjara yrði borgin að greiða fjármagnstekjuskatt af vaxtagreiðslum frá Strætó bs. sem þýðir að kjörin frá Reykjavíkurborg til Strætó bs. yrðu að vera um 5,85% vextir til þess að borgin væri skaðlaus af þeim viðskiptum. Það ætti því að vera ljóst að kjör ofangreindra lána séu góð.

II.III Upplýsingar um gjaldfellingarákvæði

Lán Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lánveitanda er heimilt að segja láninu öllu upp einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar:

- Ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað í 60 daga eða lengur.
- Ef einhverjar upplýsingar lántaka sem snerta efni lánessamningsins eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda, þannig að hann hefði ekki, að mati lánveitanda, samþykkt lánveitingu með þeim kjörum sem samningurinn felur í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.
- Ef lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega eða ef lántaki selur eignir sínar eða verulegan hluta þeirra þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánessamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
- Ef fjárhagsstaða lántaka breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánessamningsins meinar verulega að mati lánveitanda.
- Ef tryggingar/ábyrgðir að baki láninu eru ekki lengur fullnægjandi að mati lánveitanda og úr því er ekki bætt innan 30 daga frá tilkynningu lánveitanda þar að lútandi.
- Ef lántaki innir ekki af hendi greiðslur á gjalddaga samkvæmt einhverjum samningi sem leggur á hann greiðsluskyldu og hafi samningurinn verið gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða ef hann vanefnir annað ákvæði slíks samnings og hafi samningnum verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess. Sama gildir ef lánveitanda er heimilt að gjaldfella lán til lántaka þar sem fjárhæð viðkomandi láns er að fjárhæð sem nemur a.m.k. 10% tekna lántaka á síðastliðnu almanaksári.
- Ef fjárnám verður gert hjá lántaka, beðist er nauðungaruppboðs á eignum hans, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans eða leiti hann nauðasamningi, heimildar til greiðslustöðvunar eða eftirgjöf skulda.
- Ef krafa kemur fram til slita á lántaka.
- Ef lántaki verður sannanlega uppvís að því að brjóta gegn lögum og reglum í starfsemi sinni.
- Ef lántaki eða ábyrgðaraðili brýtur gegn einhverri skuldbindingum í kaflanum „Sérstakar skuldbindingar“.
- Ef lántaki vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt lánessamningnum og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántaka um að framfylgja skyldunni.
- Ef sérstakar yfirlýsingar lántaka og ábyrgðaraðila reynast rangar.
- Ef ársreikningur eða árshlutareikningar lántaka eru með áritun með fyrirvara um rekstrarhæfi af löggiltum endurskoðanda.
- Ef forsendur varðandi nýtingu lánsins í samræmi við græna umgjörð lánveitanda eins og hún var við undirritun samningsins reynast rangar eða bresta.

Lán Arion banka hf.

Lánveitanda er heimilt að segja láninu öllu upp einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar:

- Ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað í 15 daga eða lengur.
- Ef einhverjar upplýsingar lántaka sem snerta efni lánessamningsins eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda, þannig að lánveitandi

hefði ekki samþykkt lánveitinguna með þeim kjörum sem samningurinn felur í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.

- Ef um er að ræða breytingu á eignaraðild í lántaka, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánsamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
- Ef lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, ef lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánsamningi minnkar verulega að mati lánveitanda.
- Ef fjárhagsstaða lántaka breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánsamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
- Ef tryggingar/ábyrgðir að baki láninu eru ekki lengur fullnægjandi að mati lánveitanda.
- Ef lántaki, móður- eða dótturfyrirtæki hans eða ábyrgðarmaður lánsins, inna ekki af hendi greiðslu á gjalddaga samkvæmt einhverjum samningi sem leggur á hann eða það greiðsluskyldu, og hafi samningurinn verið gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða ef hann eða það vanefndi annað ákvæði slíks samnings og hafi samningnum verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess enda er ástæðu gjaldfellingar, uppsagnar eða riftunar ekki að rekja til ágreinings um greiðsluskyldu lántaka samkvæmt umræddum samningi.
- Ef lántaki verður sannarlega uppvís að því að brjóta gegn lögum í starfsemi sinni, þannig að það hafi veruleg áhrif á greiðslugetu hans samkvæmt samningnum.
- Ef fjárnám verður gert hjá lántaka, móðurfyrirtæki hans eða ábyrgðarmanni lánsins, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi einhvers þeirra, eitthvert þeirra leiti nauðasamninga eða eignir þeirra auglýstar á nauðungaruppbóði.
- Ef yfirlýsingar í kaflanum „Yfirlýsingar lántaka“ í lánsamningnum reynast rangar
- Ef lántaki brýtur gegn einhverri skuldbindingu í kaflanum „Sérstakar skuldbindingar“.
- Ef lántaki vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt lánsamningnum og sú vanræksla varir í meira en 15 daga eftir að bankinn hefur áminnt lántaka um að framfylgja skyldunni.

III. Niðurlag

Með vísan til alls framangreinds er Reykjavíkurborg heimilt, á grundvelli 69. gr. sveitarstjórnarlaga, að gangast í einfalda ábyrgð í hlutfalli við eignarhlut til tryggingar á því láni sem Strætó bs. hyggst taka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og jafnframt að veita veð í tekjum sínum til tryggingar ábyrgðarinnar, samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Reykjavíkurborg er einnig heimilt, á grundvelli 69. gr. sveitarstjórnarlaga, að gangast í einfalda ábyrgð í hlutfalli við eignarhlut til tryggingar á því láni sem Strætó bs. hyggst taka hjá Arion banka hf.

Að öllu ofanrituðu virtu mælir FAS með að borgarráð vísi beiðninni til borgarstjórnar og að hún veiti félaginu veð í skatttekjum borgarinnar miðað við einfalda og hlutfallslega ábyrgð borgarsjóðs vegna lántökunnar hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og einfalda og hlutfallslega ábyrgð borgarsjóðs vegna lántökunnar hjá Arion banka hf..



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

*Fylgigögn:
Fundargerð stjórnar Strætó bs. dags, 29. október 2021*

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

347. fundur

Föstudaginn 29. október 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn fór fram á Hesthálsi 14 og í fjarfundi. Fundurinn hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen E. Halldórsdóttir (KEH), Rúnar Bragi Guðlaugsson (RBG) á fjarfundi, Ólafur Ingi Tómasson (ÓIT) á fjarfundi, Gunnar Valur Gíslason (GVG) á fjarfundi og Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ).

Fundinn sátu einnig Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð, Elísa Kristmannsdóttir deildarstjóri fjármála og Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Nýtt leiðanet – staðan
2. Tryggingamál
3. Lántaka
4. Fjárhags- og starfsáætlun 2022 – 2026
5. Jafnréttismál
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Nýtt leiðanet - staðan

Ragnheiður Einarsdóttir og Valgerður Benediktsdóttir, samgöngusérfræðingar Strætó, kynntu stöðu vinnu við nýtt leiðanet. Í nóvember og desember n.k. eru fyrirhugaðar kynningar á drögum nýs leiðanets í ráðum og nefndum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Áætlað er að skila skýrslu með fyrstu hugmyndum að nýju leiðaneti á 2. ársfjórðungi 2022.

2. Tryggingamál

Strætó er með samning við VÍS um tryggingar félagsins. Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild til að framlengja núverandi samning um eitt ár.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að leita eftir framlengingu núverandi samnings um eitt ár.

3. Lántaka

Á 340. fundi stjórnar Strætó bs. þann 21.5.2021 samþykkti stjórn að heimila framkvæmdastjóra að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 400 m.kr. til grænnar fjárfestingar í rafmagnsvögnum. Samþykkt stjórnar var staðfest á eigendafundi Strætó bs. þann 15.6.2021. Lánasjóður sveitarfélaga hefur samþykkt lán til Strætó að fjárhæð allt að 400 m.kr. Lánið er til 8 ára, vextir eru fastir 4,5%. Einungis greiðast vextir fyrstu sex árin og höfuðstóll lánsins greiðist með jöfnum greiðslum á síðustu tveimur árum lánstímans.

Á 347. fundi stjórnar Strætó bs. þann 29.10.2021 samþykkti stjórn fyrirbyggjandi drög að lánsamningi við Arion banka þar sem Strætó tekur rekstrarlán upp á 300 m.kr. Lánið er til 5 ára, vextir eru 2,5% álag á REIBOR vexti. Lántökukostnaður er 0,5%. Samþykki eigendafundar var fengið þann 15.10.2021.

Jafnframt er Jóhannes S. Rúnarssyni, kt. 090662-7249, framkvæmdastjóra Strætó bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess, f.h. Strætó bs., að undirrita lánsamninga við Lánasjóð sveitarfélaga og

Arion banka og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á lánum þessum, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga, sbr. heimild í 2. mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og leggur sveitarfélagið til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Framkvæmdastjóra er falið að afla ábyrgða og undirritunar skjala hjá umboðshöfum sveitarfélaganna, sem standa að Strætó bs.

4. Fjárhags- og starfsáætlun 2022 - 2026

Framkvæmdastjóri kynnti drög að fjárhags- og starfsáætlun 2022 til 2026. Fyrirliggjandi drög voru kynnt og samþykkt á eigendafundi Strætó þann 15.10.2021.

Stjórn samþykkir fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. fyrir tímabilið 2022-2026.

5. Jafnréttismál

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðasviðs, kynnti stöðu jafnréttismála og jafnlaunavottunar hjá Strætó bs.

6. Önnur mál

Enginn önnur mál voru á dagskrá.

Fylgiskjöl: Samþykkt fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2022-2026.
Jafnréttismál
Nýtt leiðanet

Fundi slitið kl. 13:00

Hjálmar Sveinsson

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Ólafur Ingi Tómasson

Rúnar Bragi Guðlaugsson

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

DRÖG AÐ BÓKUN SVEITARSTJÓRNAR VEGNA LÁNASJÓÐS SVEITARFÉLAGA:

Dagsetning **xx.xx.2021**

Ákvörðun um að veita einfalda ábyrgð, verðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns fyrirtækis frá Lánasjóði sveitarfélaga:

Sveitarstjórnin samþykkir hér með að á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og verðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68 gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns fyrirtæki hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 400.000.000 með lokagjaldsdaga 15. ágúst 2029, í samræmi við skilmála lánasamnings sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitastjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórna jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir. Þá hefur sveitarstjórnin kynnt sér gildandi græna umgjörð Lánasjóðs sveitarfélaga og samþykkir að ráðstöfun lánsins falli að henni.

Er lánið tekið til fjárfestingar í rafvögnum til endurnýjunar í flota Strætó bs með það að markmiði að lækka kolefnisspor Strætó, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaganna nr. 150/2006.

Jafnframt er «**nafn umboðshafa og kennitala**», veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. Framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Nafn umboðshafa